
Varphænsnabú á Hranastöðum, Eyjafjarðarsveit

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 23. nóvember 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá eigendum jarðarinnar Hranastaða í Eyjafjarðarsveit um fyrirhugaða byggingu varphænsnabús samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.10 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Eyjafjarðarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Ósk um álit Skipulagsstofnunar á matsskyldu framkvæmdar skv. 6. gr. laga nr. 106/2000 um umhverfismat framkvæmda.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Eyjafjarðarsveit með tölvupósti dags. 4. desember 2017.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 19. desember 2017.
- Matvælastofnun með bréfi dags. 22. desember 2017.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 11. desember 2017.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 11. desember 2017.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 13. desember 2017.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhugað sé að hefja eldi á varphænum á jörðinni Hranastöðum í Eyjafjarðarsveit. Fyrirhugað sé að byggja tvö hús. Annað þeirra verði um 900 m² og kemur til með að hýsa allt að 7.600 varphænum í tveimur aðskildum deildum. Hitt húsið verði um 200 m² og kemur til með að hýsa uppeldisaðstöðu fyrir um 3.800 varphænum. Húsin verði útbúin loftræsti- og framleiðslukerfum af fullkomnustu gerð. Starfsmannaaðstaða, eggjaþvottur, pökkun, kæligeymsla og afgreiðsla verði í stærra húsinu. Áætluð eggjaframleiðsla búsins verði um 150 tonn á ári og áætlað sé að til framleiðslunnar þurfi um 400 tonn af fóðri á ári.

Fram kemur að úrgangur frá varphænum verði um 460 tonn á ári. Skítur verði geymdur í haughúsi og nýttur sem áburður á tún á jörð Hranastaða.

Fram kemur að næsta íbúðarhús sé bærinn Botn sem sé í um 700 m fjarlægð austan við fyrirhuguð hænsnahús. Bærinn Stokkahlaðir sé um 930 m vestur af fyrirhuguðum hænsnahúsum og bærinn Merkigil standi um 1200 m til suðurs. Því sé fjarlægð fyrirhugaðar framkvæmdar frá nálægum íbúðarhúsum utan við þau mörk sem tilgreind eru í 6. gr. reglugerðar nr. 520/2015, um eldishús



alifugla, loðdýra og svína, en þar segir að að hæsnabú skuli að lágmarki vera í 50 m fjarlægð frá mannabústöðum.

4 UMHVERFISÁHRIF

Fram kemur að helstu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á umhverfið sé lyktarmengun. Áhrifin verði bundin við næsta nágrenni fyrirhugaðra hæsnahúsa. Ríkjandi vindáttir séu norðan- og sunnanáttir. Ólíklegt sé að lykt berist til bæjarins Botns austan Hranastaða þar sem hæg vestanátt er fátíð á svæðinu. Ekki er útilokað að lyktaráhrif verði merkjanleg við vissar aðstæður við næsta bæ sunnan við fyrirhuguð hæsnahús. Áhrifin séu þó líkleg til að vera óveruleg vegna þess hve umfang starfseminnar verði lítið og að um 1.200 m eru í umræddan bæ.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að vatnsból sé staðsett við fjallsrætur langt fyrir ofan fyrirhugað bú og dreifingarsvæði búfjáráburðar. Næsta vatnsverndarsvæði sé staðsett í um 3 km norðan Hranastaða en samkvæmt reglugerð nr. 520/2015 skal fjarlægð eldihúss frá vatnsbóli vera að lágmarki 200 m hafi vatnsverndarsvæði ekki verið ákvörðuð.

Ekki er fjallað um menningarminjar í tilkynningu framkvæmdaraðila. Í umsögn Minjastofnunar Íslands segir að samkvæmt fyrirliggjandi fornleifaskráningu sem fram hafi farið árið 1996 séu fimmtán fornleifar skráðar á jörðinni Hranastöðum. Engar fornleifar séu skráðar þar sem reisa eigi hæsnahúsin en fjárhús hafi staðið skammt frá. Fyrirliggjandi fornleifaskráning uppfylli ekki nútímakröfur til fornleifaskráningar og því hyggst Minjastofnun skoða fyrirhugað framkvæmdasvæði þegar aðstæður leyfa. Finnist fornleifar á svæðinu mun stofnunin gera kröfu um að tillit verði tekið til þeirra við staðsetningu mannvirkja eða að þær verði rannsakaðar áður en þeim verði raskað. Að því gefnu að gengið verði að kröfum þeim sem Minjastofnun kunni að setja fram eftir athugun á framkvæmdasvæði telji stofnunin að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé gerð athugasemd við umsögn Minjastofnunar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar segir að um tiltölulega lítið hæsnabú sé að ræða sem uppfylli þær kröfur sem gerðar séu til staðsetningar mannvirkja og reksturs af þessu tagi.

Eyjafjarðarsveit, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag en ekki er í gildi deiliskipulag á svæðinu. Skipulagsstofnun bendir á að meginreglan við útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfa sé sú að deiliskipulag liggja fyrir, sbr. skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Eyjafjarðarsveitar samkvæmt 13.-15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi Eyjafjarðarsveitar skv. 13. gr. skipulagslaga og 9. gr. laga um mannvirki. Einnig starfsleyfi heilbrigðisnefndar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og starfsleyfi Matvælastofnunar skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli.



6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða byggingu varphænsnabús. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1.10 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Við ákvörðun um hvort framkvæmd sem er tilkynningarskyld skuli háð umhverfismati skal Skipulagsstofnun taka mið af viðmiðum sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sem varða eðli framkvæmdar, staðsetningu framkvæmdar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar. Hér að neðan er gerð grein fyrir niðurstöðu stofnunarinnar að teknu tilliti til framangreindra viðmiða, byggt á framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, umsögnum umsagnaraðila og svörum framkvæmdaraðila.

Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar, úrgangsmyndun og mengun og ónæði sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig þarf að athuga hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, m.a. með tilliti til þeirrar landnotkunar sem fyrir er og verndarsvæða.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun að um sé að ræða tiltölulega lítið hænsnabú. Að mati Skipulagsstofnunar telst fyrirhuguð framkvæmd því lítil að umfangi.

Úrgangur sem fellur til við fyrirhugaðan rekstur verður geymdur í haughúsi og svo borinn á tún á jörð Hranastaða. Næsta vatnsverndarsvæði er í um 3 km fjarlægð og næstu vatnsból eru í fjallshlíð töluvert fyrir ofan fyrirhuguð eldishús og þau tún þar sem fyrirhugað er að dreifa úrgangi. Skipulagsstofnun telur þar af leiðandi að ólíklegt sé að áhrif vegna úrgangs verði önnur en lyktarmengun.

Áhrif lyktarmengunar ráðast m.a. af umfangi starfsemi, ríkjandi vindáttum og fjarlægð starfsemi frá öðrum mannvirkjum eða svæðum þar sem líklegt er að fólk dvelji. Sem fyrr segir telur Skipulagsstofnun að starfsemin sé lítil að umfangi. Töluvert fjarlægð er í næstu íbúðarhús ótengdra aðila, eða um 700 m, en lágmarksfjarlægð samkvæmt reglugerð nr. 520/2015 er 50 m. Þá eru ríkjandi vindáttir norðan- og sunnanátt en næsta íbúðarhús í suðurátt er í um 1.200 m fjarlægð og lengra er í næsta íbúðarhús í norðurátt.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á skilgreindu landbúnaðarsvæði samkvæmt aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar og er ekki líkleg til að hafa neikvæð áhrif á þá landnotkun sem fyrir er eða fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlunum. Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í nágrenni við verndarsvæði önnur en áður nefnt vatnsverndarsvæði. Fyrirhuguð framkvæmd er því ekki líkleg til að hafa áhrif á verndarsvæði.

Skipulagsstofnun bendir á að í samræmi við umsögn Minjastofnunar Íslands þarf stofnunin að vera búin að skoða fyrirhugað framkvæmdasvæði m.t.t. fornleifa áður en framkvæmdir hefjast.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra umhverfisáhrifa, svo sem umfangi áhrifa með tilliti til svæðis og fjölda fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum og tímalengdar, tíðni og óafturkræfi áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda séu lyktarmengun. Með tilliti til stærðar og staðsetningar fyrirhugaðs eggjabús telur Skipulagsstofnun að áhrif vegna lyktarmengunar verði óveruleg og að mestu bundin við jörðina Hranastaði og næsta nágrenni.



Ólíklegt er að framkvæmdin hafi áhrif á margt fólk. Ætla má að áhrif vari á meðan eggjabúið sé í rekstri en að áhrif séu afturkræf verði rekstri hætt.

Ákvörðunarorð

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna og að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð bygging varphænsnabús sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 15. febrúar 2018.

Reykjavík, 8. janúar 2018

Jakob Gunnarsson

Egill Þórarinnsson